

Skólaráðsfundur haldinn í Egilsstaðaskóla 14. maí kl. 16:15.

Mættir: Viðar Jónsson skólastjóri sem stýrði fundi, Borgþór fyrir hönd foreldrafélags, Líska fyrir hönd nærsamfélagsins, Kristín Hlíðkvist, Rakel Wium og Sóla fyrir hönd nemenda, Lilja fyrir hönd foreldrafélags, Hlín fyrir hönd kennara sem einnig ritaði fundargerð, Stefánía fyrir hönd almennra starfsmanna.

1. Viðar lagði skóladagatal fram til samþykktar. Sérstaklega sagði hann frá nokkrum atriðum. Skóladagatal samþykkt samhljóða með handauppréttingu.
 - a. Hugmyndin á bak við að byrja skólann á foreldraviðtölum frekar en formlegri skólaþingningu.
 - b. Umsjónardagar þar sem nemendur vinna skemmtileg verkefni með umsjónarkennurum.
 - c. Tengsladagar sem eru sérstaklega hugsaðir til að gera eitthvað skemmtilegt með nemendum til að brjóta upp hefðbundið skólastarf svo sem flestir njóti viðverunnar.
 - d. Viðburðir foreldrafélagsins eru inni á skóladagatalinu.
2. Vordagar og skólaslit.
 - a. Annar vordagurinn verður líklega útivistardagur hjá yngsta stigi.
 - b. Dagarnir eru skertir, kennsla til kl. 13.
 - c. 8.-9. bekkur verður í ljósmyndamaráðuneyti.
 - d. Miðstigið ætlar líklega að fara í sameiginlegt verkefni annan daginn.
 - e. 6. júní verður skólaslit um morguninn en útskrift 10. bekkjar um kvöldið. Útskriftarnemendur eru byrjaðir að undirbúa atriði fyrir útskriftina.
3. Starfsáætlun næsta skólaárs kynnt af skólastjóra.
 - a. Búið er að setja inn upplýsingar sem verða færðar inn á heimasíðu skólans þegar starfsáætlunin verður fullunin.
 - b. Fundamönnum list vel á að hafa starfsáætlunina í formi heimasíðu, en ekki margra blaðsíðna pdf skjal.
4. Skólapúlsinn
 - a. Virkni nemenda í skólanum sýnir jákvæðar breytingar. Áhugi á lestri, náttúrufræði og stærðfræði fer til dæmis vaxandi en er þó undir landsmeðaltali.
 - b. Vellíðan er einnig að aukast, tíðni eineltis er yfir landsmeðaltali en þó ekki marktækur munur.
 - c. Skóla og bekkjarandi er að aukast þó munurinn sé ekki marktækur. Þar er virk þátttaka nemenda til dæmis að aukast. Virkari námsfélagar gæti til dæmis verið að hafa áhrif. Fulltrúar nemenda telja að fjölbreyttari kennsluaðferðir hafi mikil áhrif.
 - d. Samkvæmt foreldrakönnun er það upplifun foreldra að agi hafi aukist í skólanum en engu að síður er skólinn langt undir meðaltali að þessu leyti. Fulltrúi foreldra telur að vandi verði ekki leystur innan skólastofu heldur þurfi nemendur að yfirgefa skólastofuna í ákveðnum tilfellum. Foreldrar eru einnig ánægðari með úrvinnslu eineltismála
 - e. Margt sem sagt á rétttri leið en líka margt sem má gera betur.
5. Viðar segir frá skólaþróunarverkefnum
 - a. KVAN, Heillaspor, Leiðsagnarnám, uppeldi til ábyrgðar
 - b. Hægt að kynna sér öll þessi verkefni betur á heimasíðunni sem tengd er starfsáætlun skólans.
6. Önnur mál

- a. Foreldrafélagið sótti um styrk til að setja upp hreystibraut við skólann, samþykktur var styrkur uppá 300.000 kr. frá Alcoa sem ekki dugir til að setja upp slíka braut. Spurning hvort eigi að setja upp einhvers konar söfnun til að koma slíku af stað. Hugmynd kom upp um að sækja um styrk til fyrirtækja á svæðinu, foreldrafélagið gæti sent inn fleiri umsóknir. Líklegt er að uppsetning kosti rúmlega 10 milljónir.
- b. Búið er verið að vinna í mönnun fyrir næsta skólaár. Búið er að ráða alveg á yngsta stig, verið er að vinna í að manna miðstig. Líklega verður búið að manna allar kennarastöður í vor.
- c. Fyrirspurn um hvaða kerfi skólinn notar varðandi ut anumhald á vandamálum sem þarf að leysa innan skólans. Notast er við ýmis tól en ekki er notast við ákveðið forrit eða tól. Bent á að María Kristmundsdóttir gæti verið með námskeið fyrir stjórnendur eða starfsfólk.
- d. Önnur fyrirspurn um samþættingu mála, hvort hún sé komin almennilega í gang og hvernig hún virki. Komin var hefð á samskipti milli félagsþjónustu og skóla í gegnum ALL. Sum mál eru að taka nokkurn tíma að koma í gang, en misjafnt er eftir málum hvernig gengur.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.25